



**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURLANDS



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA

# Árangurskönnun 2023

## Uppbyggingarsjóðs Suðurlands

Niðurstöður könnunar um árangursmat styrktra verkefna í Uppbyggingarsjóði Suðurlands sem unnin voru á árinu 2021.

29. apríl 2024  
Ingvi Már Guðnason

# Menning

- Könnun þessi fjallar um árangur og þjónustu er tengjast verkefnum sem hlotið hafa styrk Uppbyggingarsjóði Suðurlands.
- Könnunin er send út á alla þá styrkþega sem hlutu styrk úr menningarhluta Uppbyggingarsjóðs Suðurlands árið 2021 og hefur öllum verkefnum verið lokið á einn eða annan hátt.
- Könnun þessi var send út á samtals styrkþega 78 og fengust svör frá 12 eða samtals 15% svörun.
- Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 12. janúar - 8. febrúar 2024, sendar voru út tvær áminningar.



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA




**SÓKNARÁÆTLUN**  
SUÐURLANDS

# Flokkur verkefna og upphæð styrkveitingar


Þegar spurt var um hvaða flokki verkefnin tilheyra svöruðu því flestir að verkefnið tilheyrði flokknum menningararfur/safnamál.

Allir nema einn af þeim sem svöruðu könnuninni luku styrkveitingu með lokaskýrslu. Meirihluti verkefna hlutu styrk að vori 2021, algengustu styrkupphæðirnar voru á bilinu 251-500 þúsund.


Hvaða flokki menningarverkefna tilheyrir þitt verkefni?



Vor eða haust? Hér er spurt hvenær verkefnið hlaut styrk. Nokkuð fleiri hlutu styrk að hausti enn að vori.



Hver var upphæð styrksins sem verkefnið hlaut?




# Árangur verkefnis


Tæp 67% svaraenda telja að verkefnið ekki hefði orðið að veruleika ef styrkveitingin hefði ekki fengist.

Alls 50% svarenda meta árangur verkefnisins með tilliti til markmiða sjóðsins um að „efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi“ vera mjög góðan og 42% frekar góðan.


Ef um viðburð/samkomu var að ræða,  
hversu margir mættu?



Telur þú að verkefnið hefði orðið að veruleika ef styrkveitingin hefði ekki fengist?




Hvernig metur þú árangur á verkefninu með tilliti til markmiða sjóðsins um að „efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi“?




# Árangur verkefnis

Þegar spurt er um mögulegt framhald á verkefninu telja tæplega 75% að svo verði. 50% svarenda telja að stærð og fjöldi styrkveitinga eigi að ráðast af eðli umsókna eða verkefna hverju sinni og 42% að fjölbreytni eigi að ríkja í stærð styrkveitinga. 100% eru á þeirri skoðun að það eigi að vera tvær úthlutanir á ári, að vori og að hausti.


Telur þú mögulegt að framhald verði á verkefninu?



Hvað lýsir almennt best skoðun þinni á stærð og fjölda styrkveitinga til menningarverkefna á Suðurlandi?




Hver er þín skoðun á viðeigandi fjölda úthlutana á hverju ári?




# Ánægja styrkþega

Nokkuð mikil ánægja er meðal styrkþega. Svarendur virðast vera ánægð með styrkveitingu á vegum SASS enn 89% eru frekar eða mjög ánægð. Rúm 83% eru frekar eða mjög ánægðir með handleiðslu og eftirfylgni og rúm 83% eru frekar eða mjög ánægðir með útgreiðslu styrkveitinga.


Pegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með styrkveitingu á vegum SASS?



Pegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með handleiðslu og eftirfylgni ráðgjafa á vegum SASS?




Pegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með útgreiðslu styrkveitinga?



# Stuðningsþjónusta

Niðurstöður eru afgerandi þegar spurt er um hvort þörf eru á aukinni stuðningsþjónustu við menningu og listir og telja langflestir þörf vera á aukinni þjónustu eða tæp 83%. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fyrri ár. Áhugavert er að sjá að 50% sverenda vilja fá meiri aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun, einnig eru það 42% vilja frá frekari aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði.

Finnst þér þörf á aukinni stuðningsþjónustu við menningu- og listir á Suðurlandi?



Hvers konar stuðningsþjónustu finnst þér helst vanta? (Hér má haka við fleiri en einn valmöguleika)

ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun	50%	6
▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði	42%	5
▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í Uppbyggjarsjóð	33%	4
▼ Handleiðslu og ráðgjöf	25%	3
▼ Annað, þá hvað	Responses	3
▼ Aðstoð við markaðsmál	17%	2
▼ Aðstoð við útflytning	8%	1
▼ Upplýsingaþjónusta	8%	1
▼ Aðgengi að fræðslu og þekkingu	8%	1
▼ Aðstoð við verkefnastjórnun	8%	1
▼ Eftirfylgni styrkveitinga	0%	0
Total Respondents: 12		

# Annað sem styrkhafar vildu koma á framfæri

„Kærar þakkir“

„Allt of lágar upphæðir í menningarstyrki. Það myndi fáum detta í hug að veita 100-200 þús. kr. í styrk vegna atvinnusköpunar, hvers vegna er það þá gert vegna menningar? Svo virðist sem meiri áhugi sé að styrkja viðburði sem lifa bara þann tíma sem hann fer fram frekar en varanlegri menningarstarfsemi (ef svo má að orði komast), fræðiskrif, listsköpun o.s.frv.“

„Allt er að verða dýrara. Bara á síðustu 4 árum hefur efniskostnaður hækkað um 30%. En styrkirnir eru ennþá jafn lágir. Mér finnst mikilvægara að styrkja færri með stærri styrkjum. Einnig myndi hjálpa rosalega mikið ef maður fengi email og látinn vita hvenær opnar fyrir umsóknir. Fyrir þá sem nota ekki social media. SASS er gríðalega mikilvægur partur af fjármögnunni. Það þarf einnig að passa að umsóknin er ekki of flókin. Það má ekki hafa of mikla pappírsvinnu. Ef fenginn er 500.00 ISK styrkur, þá færi ábyggilega helmingurinn í bókarann sem færi yfir nótur og myndi skrá þetta allt niður.“



## Niðurstaða

Niðurstaða könnunarinnar er mjög svipuð niðurstöðum árangurskannana síðustu ára. Almennt eru verkefni að ganga vel og styrkþegar flestir frekar eða mjög ánægðir. Almenn ánægja með styrkveitinguna er tæp 89%.

Eins og undanfarin ár er greinilegt að styrkþegar telja þörf á aukinni stuðningsþjónustu og eru það sömu 3 flokkarnir sem standa upp úr, þeir eru: aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun, aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði og aðstoð við markaðsmál.

# Atvinnuþróun og Nýsköpun

- Könnun þessi fjallar um árangur og þjónustu er tengjast verkefnum sem hlotið hafa styrk úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands.
- Könnunin er send út á alla þá styrkþega sem hlutu styrk úr atvinnuþróunar- og nýsköpunarhluta Uppbyggingarsjóðs Suðurlands árið 2021 og hefur öllum verkefnum verið lokið á einn eða annan hátt.
- Könnun þessi var send út á samtals styrkþega 43 og **fengust aðeins svör frá 9 eða tæplega 21% svörun.**
- Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 12. janúar - 8. febrúar 2024, sendar voru út tvær áminningar.



SASS  
SAMTÖK  
SUNNLEUSKRA  
SVEITARFÉLAGA




SÓKNARÁÆTLUN  
SUÐURLANDS

## Flokkur verkefna


Þegar spurt var um hvaða flokki verkefnin tilheyra svöruðu því flestir að verkefnið tilheyrði flokkum skapandi greina og ferðaþjónustu enn þau hafa jöfn hlutföll enn þar á eftir komu flokkarnir iðnaður, matvæli og landbúnaður eru hlutföll þeirra einnig jöfn.

Allir nema einn sem svöruðu könnuninni luku styrkveitingu með lokaskýrslu. Meirihluti verkefna hlutu styrk að hausti 2021.

Vor eða haust? Hér er spurt hvenær verkefnið hlaut styrk. Aðeins fleiri svarendur hlutu styrk að hausti en að vori.




Hvaða flokki verkefna tilheyrir þitt verkefni?




## Lok styrkveitingar, styrkuppþæð og árleg velta

Styrkuppþæð 44% verkefna sem svöruðu könnunni var á bilinu 251 – 500 þús. Árleg velta 56% var frá 0 – 5 m.kr.

Hver var upphæð styrksins sem verkefnið hlaut?




Hver var árleg velta á síðasta ári?




# Velta

Ánægjulegt er að sjá hversu margir þeirra sem að svöruðu könnunni telja að styrkveiting á vegum SASS hafi eða muni eiga þátt í að auka veltu og að nú þegar hefur velta aukist hjá yfir 44% styrkþega.

Eftir að verkefni lauk hefur velta aukist?




Telur þú að styrkveiting á vegum SASS hafi eða muni eiga þátt í að auka veltu?




# Hagnaður

Þegar spurt er hvort styrkveiting á vegum SASS muni eiga þátt í að auka hagnað svöruðu 67% að þau teldu svo vera.

Eftir að verkefni lauk hefur hagnaður aukist?




Telur þú að styrkveiting á vegum SASS hafi eða muni eiga þátt í að auka hagnað ?




# Störf og stöðugildi

Þegar að spurt er um hvort stöðugildum hafi fjölgað eftir að verkefni lauk svara 22% því játandi, og 67% telja að styrkveiting hafi átt þátt í að skapa störf. Störf sem skapast eru flest sem krefjast ekki sérmenntunar.


Eftir að verkefni lauk hefur stöðugildum fjölgað?



Hefur styrkveiting á vegum SASS átt þátt í að skapa störf?




Hvers konar störf hefur styrkveitingin aðallega skapað?




## Þróun frumgerða og áætlanagerð

Alls svöruðu 67% þeirra sem að tóku þátt í könnuninni að styrkveitingin hafi skilað sér í þróun frumgerðar vöru og eða þjónustu. Þá segja 22% svarenda að styrkveitingin hafi skilað sér í gerð viðskiptaáætlunar og eða hagkvæmnikönnunar og 11% segjast gera ráð fyrir því innan 2 ára.

Hefur styrkveiting á vegum SASS skilað sér í þróun frumgerðar vöru og/eða þjónustu?



Hefur styrkveiting á vegum SASS skilað sér í gerð viðskiptaáætlunar og/eða hagkvæmnikönnunar?







# Aukin markaðssókn og einkaleyfi

44% þeirra sem að svöruðu könnuninni telja að styrkveiting á vegum SASS hafi leitt til aukinnar markaðssóknar. Þá svöruðu 33% að styrkveiting hafi ekki leitt til einkaleyfis.

Hefur styrkveiting á vegum SASS leitt til aukinnar markaðssóknar?




Hefur styrkveiting á vegum SASS þegar leitt til einkaleyfis?




# Ný vara/þjónusta og önnur fjármögnun

56% svarenda telja að styrkveiting á vegum SASS hafi leitt til eða gera ráð fyrir að hún muni leiða til þess að ný vara eða þjónusta var eða verði sett á markað. Þá telja 44% svarenda að styrkurinn hafi leitt til annarrar fjármögnunar til verkefnisins.

Hefur styrkveiting á vegum SASS leitt til þess að ný vara eða þjónusta var sett á markað ?




Telur þú að styrkveitingin hafi leitt til annarrar fjármögnunar til verkefnisins, s.s. Aðrir styrkir eða önnur fyrirgreiðsla ?




# Árangur, stærð og fjöldi styrkveitinga

67% svarenda er sammála því að stærð og fjöldi styrkveitinga á að ráðast af eðli umsókna/verkefna hverju sinni, 22% svara að fjölbreytni eigi að ríkja í stærð styrkveitinga. 89% þeirra sem svöruðu könnunin finnst tvær úthlutanir á ári að vori og hausti vera viðeigandi. 44% svarenda telja að árangur verkefnis með tilliti til markmiða sjóðsins hafa verið frekar eða mjög góður.


Hvað lýsir almennt best skoðun þinni á stærð og fjölda styrkveitinga til atvinnuþróunar – og nýsköpunarverkefna á Suðurlandi?



Hver er þín skoðun á viðeigandi fjölda úthlutana á hverju ári?




Hvernig metur þú árangur á verkefninu með tilliti til markmiða Sjóðsins um að „efla fjölbreytileika atvinnulífs og styðja við atvinnuskapandi- og/eða framleiðni aukandi verkefni á Suðurlandi“?




# Ánægja styrkþega

Allir svarendur eru annað hvort frekar eða mjög ánægðir með styrkveitinguna. 66% eru mjög ánægðir eða frekar ánægðir með handleiðslu og eftirfylgni ráðgjafa. Þegar að kemur að útgreiðslu styrkveitinga eru 67% svarenda frekar ánægðir.


### Ánægja með styrkveitingu



### Ánægja með handleiðslu og eftirfylgni ráðgjafa á vegum SASS




### Ánægja með útgreiðslu styrkveitinga



# Stuðningsþjónusta

Niðurstöður er afgerandi þegar að spurt er um þörf fyrir aukinni stuðningsþjónustu við frumkvöðla og fyrirtækja, það telja 78% svarenda þörf fyrir aukinni þjónustu. Þegar að spurt er um hvers konar stuðningsþjónustu styrkþegum finnst helst vanta þá er það aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun og einnig aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði, voru jafn margir styrkþegar sammála því að það þurfi.

Finnst þér þörf á aukinni stuðningsþjónustu við frumkvöðla eða fyrirtæki?



Hvers konar stuðningsþjónustu finnst þér helst vanta?  
(Hér má haka við fleiri en einn valmöguleika)

ANSWER CHOICES	RESPONSES	
▼ Aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun	55.56%	5
▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði	55.56%	5
▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í Uppbygginarsjóð	44.44%	4
▼ Aðstoð við markaðsmál	44.44%	4
▼ Handleiðslu og ráðgjöf	44.44%	4
▼ Upplýsingaþjónusta	33.33%	3
▼ Eftirfylgni styrkveitinga	33.33%	3
▼ Aðgengi að fræðslu og þekkingu	33.33%	3
▼ Aðstoð við rekstur og stjórnun	22.22%	2
▼ Aðstoð við stofnun fyrirtækja	22.22%	2
▼ Handleiðslu í nýsköpun	22.22%	2
▼ Aðstoð við einkaleyfisumsóknir	22.22%	2
▼ Annað, þá hvað	Responses 22.22%	2
▼ Aðstoð við útflutning	11.11%	1
▼ Þróun vöru og þjónustu	11.11%	1
Total Respondents: 9		

## Annað sem styrkhafar vildu koma á framfæri

„Ég hef fyllt úr margar svona styrkumsóknir.. Mér finnst þær mjög erfiðar og allt of mikið af skrýtnum spurningum og endurtekningum og tengja við hitt og þetta.. Ég myndi frekar vilja setja þetta fram á minn hátt með leiðbeinandi atriðum/spurningum frá SASS.. Stutt og hnitmiðað.. Ég hef oft hugsað til þeirra sem svara þessum umsóknum eða lesa þær yfir.. Það hlýtur hreinlega að vera sársaukafull og löng lesning.. :) Annars eruð þið bara æði,, :)“

„Eftir styrkveitingu, erum við með tvo klára söluvefi fyrir ferðir. Við erum að vinna með landsvæði sem er “ónumið” af ferðamönnum. Styrkur kom þessu verkefni á í “take off”“

„Mér finnst þurfa að skilgreina betur hverjar áherslu SASS eru, ef þetta á að vera nýsköpunar styrkir þarf að vera meira af fólki með nýsköpunar menntun og minna af fólki með viðskipta menntun. Ef það er ekki skilningur á að þessi fög eru aðskild þá þarf nýja stjórn, því þessi svið byggja á mismunandi grunn atriðum. Munurinn er álíka og á munurinn á leikara og leikskáldi. Skáldið þarf vissulega að hafa skilning á hvað leikarinn (viðskiptin) ganga í gegnum og stýra því hvað mun gerast en skáldið þarf að kunna þónokkur önnur fög.“

„Takk fyrir styrkinn, það var gott að fá styrk/klapp á bakið“

## Niðurstaða

Niðurstaða könnunarinnar er mjög svipuð og niðurstaða árangurskannana síðustu ára. Verkefni eru að ganga vel og styrkþegar flestir frekar eða mjög ánægðir. Líkt og á undanförunum árum er greinilegt að styrkþegar telja þörf á aukinni stuðningsþjónustu þá standa tveir flokkar upp úr, þeir eru: aðstoð við gerð styrkumsóna í aðra sjóði, aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun